

Evrópskt einingakerfi fyrir starfsmenntun



ECVET – hvað er það?

- Evrópskt einingakerfi fyrir starfsmenntun
 - European Credit System for Vocational Education and Training
- Sambærilegt við evrópsku háskólaeiningarnar ECTS
- Fullt nám telst vera 60 ECVET einingar á ársgrundvelli, samsett úr mismörgum námsáföngum
 - Þar sem tímafjöldi að baki hverri einingu getur verið breytilegur frá einu landi til annars, þá styðst ECVET kerfið frekar við grunnhugtökin **hæfniviðmið**, **námspáttur** og **námseining** (sjá nánar síðar)



Saga ECVET

- Á rætur að rekja til Kaupmannahafnaryfirlýsingarinnar um starfsmenntun (nóvember 2002)
- Innleiðing kerfisins samþykkt af Evrópuþinginu og Evrópuráðinu 2009
- Þróun og prófun hefur staðið yfir síðan þá og mun ljúka 2014-2015



Hvers vegna ECVET?

- Eflir gagnkvæmt traust í menntamálum.
- Eykur möguleika á að stunda hluta starfsnáms í öðru landi.
- Auðveldar flutning og flæði starfsmenntanema milli landa.
- Staðfestir hæfni sem nemandi aflar sér í starfsnáminu.

Hvernig er ECVET notað?

- Til að auðvelda nemanda í starfsnámi að ljúka einum eða fleiri námsþáttum í öðru landi.
- Til að meta einn eða fleiri námsþætti sem eru sambærilegir erlendis og í heimalandinu.
- Til að auðvelda yfirfærslu eininga milli landa samkvæmt þeim hæfniviðmiðum sem hafa verið gefin út í heimalöndum nemenda.



Hverjir geta nýtt sér ECVET?

- Skólar
- Vinnustaðir sem taka nema í starfsþjálfun
- Aðrir sem tengjast starfsnámi
- Aðilar sem sjá um að meta hæfni sem einstaklingar hafa aflað sér – t.d. við raunfærnimat og annað mat á óformlegu námi

Grunnhugtök ECVET kerfisins

- **Hæfniviðmið** (Learning Outcomes)
 - þekking, færni, hæfni
- **Námsþáttur** (Unit of Learning Outcomes)
- **ECVET** einingar
- **Námseiningar** (Credits)
- Gagnkvæmt **traust**
 - Skriflegt samkomulag um námið (Memorandum of Understanding)
 - Skrifleg lýsing á hlutverkum hvers og eins í námsferlinum (Learning Agreement)



Samstarf

- ECVET felur í sér samstarf tveggja eða fleiri aðila í tveimur löndum.
- Samstarfið byggir á gagnkvæmu trausti milli aðila þannig að ekki sé þörf á að endurtaka kennslu og mat sem eru framkvæmd af öðrum aðilanum í samstarfinu.



Við myndun samstarfs þarf að:

- Fylla út viljayfirlýsingu (memorandum of understanding)
- Útbúa hæfniviðmið (learning outcomes)
- Fylla út námssamning (learning agreement)



Viljayfirlýsing

- Samningur milli þeirra sem taka þátt í samstarfinu.
- Myndar ramma um samstarfið.
- Inniheldur meginreglur um mat, yfirfærslu og upplýsingar um árangur nemandans erlendis.

Nánari upplýsingar um viljayfirlýsingu má finna í bæklingnum
Leiðbeiningar fyrir ECVET
sem gefinn hefur verið út hjá Rannís



Námssamningur

- Þarf að undirbúa fyrir hverja námsferð (fyrir hvern einstakling).
- Felur í sér samkomulag um þjálfun eins eða fleiri nemenda.
- Undirritaður námssamningur er skjal sem lýsir og sannar almennt samvinnu milli tveggja samstarfsaðila.

Sjá nánar í *Leiðbeiningar fyrir ECVET*



Hæfniviðmið

- Það sem nemandinn veit, skilur og getur útfært að námi loknu (sbr. nýja námskrá framhaldsskóla á Íslandi).
- Í evrópsku samhengi eru hæfniviðmiðseiningar gefnar fyrir þekkingu, færni og hæfni.
- Þessi þrjú hugtök tryggja samræmingu, auðvelda samanburð og tryggja gagnsæi eininganna.



Þekking

Þekking: það sem nemandinn veit eða skilur. Má skipta í ...

- A) Huglæga þekkingu (þekkingu á einhverju, um eitthvað eða einhvern)
- B) Hagnýta þekkingu (þekkingu og mótun á verkum, t.d. hvernig útfæra á verkefni)



Færni

Lýsir því sem nemendur geta gert. Skiptist í ...

- A) Vitsmunalega færni – t.d. að geta reiknað.
- B) Hagnýta færni – t.d. að geta skrúfað, neglt eða saumað.
- C) Færni í samskiptum – þ.e.a.s. að geta tjáð sig munnlega og skriflega.



Hæfni

Lýsir hæfileikum til að nota þekkingu og færni í tengslum við atvinnu. Ábyrgð og sjálfstæði eru mikilvæg hugtök. Hæfni felst í tvennu:

- A) Í hvers konar vinnu eða námstengdu samhengi geta nemendur virkjað þekkingu og færni?
- B) Samstarfi og ábyrgð, þ.e.a.s. hversu vel viðkomandi getur tekið ábyrgð á eigin vinnu og annarra.



Mat

- Erlendi samstarfsaðilinn metur afrakstur námsins (hæfniviðmiðin) til ECVET eininga.
- Heimaskólinn skráir hæfniviðmið nemandans sem hluta af námi einstaklingsins, t.d. með einkunn eða staðfestingu á að markmiðum hafi verið náð eða hluta starfsnáms hafi verið lokið.
- Um matið þarf að semja áður en nemandinn leggur af stað í ferðina.

ECVET og áhugi á starfsmenntun

- Auknir möguleikar á starfsmenntun erlendis geta aukið áhuga ungs fólks á verknámi.
- Skólar sem bjóða slíka möguleika geta laðað til sín nemendur með útþrá og í greinum þar sem nemar eiga erfitt með að verða sér úti um vinnustaðapjálfun opnast nýjar leiðir.

Frekari upplýsingar

- *ECVET, evrópskt einingakerfi fyrir starfsmenntun* (útg. Rannís)
- *Leiðbeiningar fyrir ECVET, evrópskt einingakerfi fyrir starfsmenntun* (útg. Rannís)
- Upplýsingar um ECVET verkefnið á slóðinni <http://www.erasmusplus.is/menntun/ecvet-verkefnid/>
- Á <http://www.ecvet-toolkit.eu/> má finna dæmi um samninga leiðbeiningar um ferlið og annað sem getur komið að gagni.